

# HÆGRI

35 ára afmælisrit Hugins f.u.s. í Garðabæ

## INGA LIND OG BJARKI

Garðbæingarnir og systkinin spurð spjörunum úr.

## FORMANNAVIÐTÖL

Rætt við fyrrum formenn Hugins um liðna tíð.

## BARACK OBAMA

Leiðin í Hvíta Húsið.

## RITDEILA

Erlingur Þór Tryggvason og Ásgeir Runólfsson takast á.

## UM ESB MÝTUNA

Er aðild Íslands að Evrópusambandinu lausnin?



## Stjórn Hugins 2008 - 2009

Fr.v: Þorsteinn Júlíus, Viktor Hrafn, Jóhann Már, Steinunn, Ari, Sigríður Dís, Victor Ingi, Edda Sif, Sigurbjörn

### Útgefandi:

Huginn, félag ungra sjálfstæðismanna í Garðabæ

### Stjórn:

Ari Guðjónsson  
Edda Sif Pálsdóttir  
Jóhann Már Helgason  
Sigríður Dís Guðjónsdóttir (Formaður)  
Sigurbjörn Ingimundarson (Varaformaður)  
Steinunn Sigurðardóttir (Ritari)  
Victor Ingi Olsen  
Viktor Hrafn Hólmgeirsson  
Þorsteinn Júlíus Árnason (Gjaldkeri)

### Varastjórn:

Berglind Bergmann  
Birkir Guðlaugsson  
Guðrún Arna Sturludóttir  
María Blöndal  
Sindri Sævarsson  
Stefán Þór Helgason  
Stella Andrea Guðmundsdóttir  
Tómas Magnús Þórhallsson

### Ábyrgðarmaður:

Sigríður Dís Guðjónsdóttir

### Ritstjóri:

Berglind Bergmann

### Hönnun og forsíðumynd:

Ásgeir Einarsson

### Fyrirvari:

Þær skoðanir sem koma fram í blaðinu endurspeglar ekki endilega skoðanir félagsins.

## MEÐ HUGSJÓNIR AÐ VOPNI

Huginn, félag ungra sjálfstæðismanna í Garðabæ, fagnar um þessar mundir 35 ára afmæli sínu. Stofnfundur félagsins var haldinn 29. nóvember 1973 og á fundinum var Smári Hermannsson kjörinn fyrsti formaður Hugins. Meðal fundargesta ríkti mikil ánægja með stofnun félagsins og vonuðust þeir til að því yrði langra lífdaga auðið.

Frá stofnfundi félagsins hefur Huginn starfrækt öflugt málefna- og félagsstarf fyrir ungt fólk. Mörg þeirra mála sem Huginn hélt á lofti og eldri Garðabæingum þótti ansi róttæk þykja sjálfsgöð í dag. Huginn hefur haft frelsi einstaklingsins að leiðarljósi í sínu málefna- og félagsstarfi en þó hafa áherslurnar tekið mið af þjóðfélagslegri umræðu hverju sinni. Huginn hefur vissulega upplifað tímana tvenna í stjórnárum og óhætt að segja að nú eigi félagið á brattann að sækja. Það er okkur í Huginn ekki mikið áhyggjuefni enda málefni félagsins sterk og með þau að vopni getum við náð langt.

Það er engin tilviljun að þau mál sem eru grundvöllur stefnu okkar heyrast hvað hæst í dag og nokkuð kómískt er að heyra þau hrópuð á mótmælafundum um leið og spjöldum, með ákalli

um að senda ránfuglinn burt, er veifað.

Íslensk stjórnvöld standa frammi fyrir því að taka viðamiklar ákvarðanir. Ákvarðanir sem munu móta framtíð ungs fólks. Það er því mikilvægt að ungt fólk í dag sameinist um að vera þátttakendur í að móta framtíð sína. Það liggur ljóst fyrir að það mun þurfa að færa fórnir fyrir framtíðina en mikilvægt er að fórnir ekki meiri hagsmunum fyrir minni. Aukin ríkisafskipti og höft eru ólíkleg til góðra framtíðarlausna og sjaldgæft er að fólk sé tilbúið til að afsala sér frelsi sínu. Frelsið ber að varðveita en það verður ekki gert nema með því að axla ábyrgð.

Um leið og ég óska Huginn til hamingju með afmælið vil ég jafnframt taka undir þá ósk frá stofnfundi félagsins að því verði enn lengri lífdaga auðið.



Sigríður Dís, formaður Hugins

# SPJALL VIÐ SYSTKININ INGU LIND OG BJARKA

**Systkinin Inga Lind og Bjarki Már störfuðu bæði í Huginn á sínum yngri árum. Bjarki var formaður félagsins og vakti áhuga systur sinnar á stjórn-málum. Í dag hafa þau fetað aðrar slóðir en áhuginn á pólitík er þó enn til staðar. Huginn hitti Ingu Lind og Bjarka í léttu spjalli.**

## **Eru þið uppalin í Garðabæ?**

*Inga Lind:* Bjarki er náttúrulega svo miklu eldri en ég þannig að hann hefur farið víðar.

*Bjarki:* Við erum búin að búa hérna síðan 1976 eða '77.

## **Hvernig mynduð þið lýsa ykkur sem börnum? Voru þið samrýmd systkini?**

*(Pau hlæja)*

*Inga Lind:* Já, við vorum alltaf að leika saman, hann 15 ára og ég 5 ára (segir hún og hlær). Nei, ég myndi segja að við höfum verið eins samrýmd og aldursbilið leyfir. Hann var og er mjög góður bróðir.

## **Í hvaða skólum voru þið?**

*Bjarki:* Ég var eitt ár í Flataskóla, svo fór ég í Garðaskóla og svo í Verzló.

*Inga Lind:* Ég fór á Bæjarból, Flataskóla, Garðaskóla og svo FG.

*„Þegar ég var að halda mínar fyrstu ræður þá þurfti ég að standa á skókassa til þess að sjá yfir ræðupúltið!“*

## **Tóku þið mikið þátt í félagslífinu í FG og Verzló?**

*Bjarki:* Ég var ritstjóri Viljans, sem er skólablað í Verzló. Ég var líka mikið í ræðukeppnum og svo tók ég þátt í að stofna MORFÍS,

ræðukeppni framhaldsskólanna.

*Inga Lind:* Þegar ég tók svo sjálf þátt í MORFÍS var Bjarki mikið að hjálpa og þjálf okkur. Ég held að ég hafi verið 10 ára þegar ég hélt mína fyrstu ræðu í Flataskóla, það var mjög gaman. Þegar ég var að halda mínar fyrstu ræður þá þurfti ég að standa á skókassa til þess að sjá yfir ræðupúltið!

*Bjarki:* Það voru haldnar ræðukeppnir árganganna í Garðaskóla og ég þjálfði Ingu og vinkonur hennar. Svo unnu þær, yngsti árgangurinn og það þótti hinum nú ekkert gaman!

*(Inga Lind hlær og samsinnir því).*

*Inga Lind:* Þá var hann að skrifa ofan í okkur þvílíkar snilldarræður og það hefur ábyggilega verið mjög krúttlegt að heyra okkur flytja þær.

## **Inga Lind var líka fyrst kvenna til að hljóta titilinn Ræðumaður Íslands.**

*Inga Lind:* Það var mjög skemmtilegt. Ég held reyndar að það hefði verið alveg jafn skemmtilegt hefði ég verið tíunda konan. Við unnum reyndar ekki keppnina þannig að það dugði ekki.

*Bjarki:* Ég var þjálfarinn það ár og það vantaði herslumuninn upp á að vinna MH. Ég hafði áður þjálfað FG til sigurs fjórum árum áður.

## **Þegar talið berst aftur að félagslífinu í framhaldsskólanum segist Inga Lind hafa verið mjög virk á því sviði.**

*Inga Lind:* Ég var forseti nemendafélagsins í FG eitt árið og maður var eiginlega bara á fullu í þessu öllu. Ég og Áslaug vinkona mín vorum rosalega virkar og höfum alltaf verið samtaka í þessum málum. Vorum í stjórn nemendafélagsins, í ræðunefndinni og út um allt.



## **Þetta hefur ekki bitnað á náminu?**

*Inga Lind:* Nei síður en svo. Það er nefnilega málið. Ég hvet alla, sem eru í framhaldsskóla, og grunnskóla líka, til þess að taka þátt í félagslífinu eins mikið og þeir mögulega geta af því að á því lærir maður ekkert minna en í sjálfu náminu. Svo var ég líka fulltrúi nemenda í skólanefnd FG og enn sit ég í þeirri nefnd (segir hún og hlær), 13 eða 14 árum seinna, reyndar ekki lengur sem fulltrúi nemenda! Ég hef bara hvorki viljað né getað slitið mig frá þessu. Ég gat ekki verið lengur í nemendafélaginu en hélt með þessu tengslum við þennan góða skóla sem mér þykir orðið vænt um, ef hægt er að tala þannig um skóla.

## **Hvað tók við hjá ykkur eftir framhaldsskólann?**

*Bjarki:* Ég lærði kerfisfræði úti í Danmörku og svo fyrir nokkrum árum ákvað ég að læra líka málfræði. Ég fór því aftur í nám og kláraði meistaraþróf, svo nú er ég málfræðingur.

*Inga Lind:* Ég fór að vinna strax í blaðamennsku og var í því merkllega starfi að skrifa dagskrána í DV. Svo eignaðist ég barn og síðan hef ég bara verið í þessu, í fjölmiðlum og að eignast börn! Reyndar fór ég nú líka í Háskóla Íslands, lærði þar hagnýta íslensku en ég held að ég eigi eftir að fara þangað aftur síðar og læra meira.

## Hvenær fóru þið að taka þátt í starfi Hugins?

*Bjarki:* Þegar ég kem heim úr náminu, haustið 1987, var ég varaformaður félagsins. Félagið hafði verið í lægð í dálítinn tíma og um þetta leyti var gerð tilraun til að endurvekja það. Það var verið að leita að fólki og ég var beðinn um að koma á fund. Fimm manns mættu á fundinn og það þurfti fimm til þess að mynda stjórn þannig að ég komst í stjórn eiginlega bara óvart!

## Fyrst þú varst beðinn um að koma á þennan fund hlýtur þú að hafa verið eitthvað pólitískt þenkjandi?

*Bjarki:* Nei, ég þekkti bara hina sem voru í þessu. Árið eftir var ég svo formaður en samt var ég alltaf á þeirri skoðun að svona ungliðahreyfingar séu meira að vinna gegn ungliðunum heldur en með þeim. Að það væri í raun betra að vera bara í einu félagi.

„*Það þótti t.d. alveg fráleitt að manneskja á ungliðaaldrinum gæti verið formaður Sjálfstæðisfélagsins eða í stjórn.*“

## Af hverju?

*Bjarki:* Aðalatriðið er að þetta hamla ungliðunum frá því að komast til áhrifa í Sjálfstæðisfélaginu eða flokknum yfirleitt. Það er bara hægt að yta krökkunum til hliðar og segja þeim að vera í sínu félagi. Það þótti t.d. alveg fráleitt að manneskja á ungliðaaldrinum gæti verið formaður Sjálfstæðisfélagsins eða í stjórn. Það gerðist ekki á þessum tíma. Þetta gildi líka með fulltrúaráðin. Við vorum nokkuð ósátt með þetta og ég bauð mig fram gegn sitjandi formanni og vann. Það varð allt vitlaust! Árið eftir var svo hóað saman liði gegn mér og þá tapaði ég náttúrulega. Við hugsuðum mjög alvarlega um að leggja niður félagið. Alveg eins og það hafði aldrei verið félag



sjálfstæðiskvenna í Garðabæ og á nákvæmlega sömu rökum. Það væri þá félag þar sem konurnar væru geymdar og þær kæmust því ekki almennilega til valda. Það væri kannski hægt að velja eina til að vera á framboðslista. Ég held því að þær hafi grætt á þessari ákvörðun, að vera ekki með sér kvenfélag. Við íhuguðum þetta sama en það sem hindraði það var að það voru viðvarandi flokkadrætti í SUS (Sambandi ungra Sjálfstæðismanna) og mikið þrýst á okkur að taka þátt í þeim. Án félags hefðum við auðvitað ekki fengið fulltrúa á landsþingi SUS. En það verða alltaf kynslóðaskipti í pólitík og ungt fólk kemur inn en mér fannst þessar ungliðahreyfingar frekar vera bremsa á ungt fólk fremur en stökkpallur.

## En hvenær fórst þú, Inga Lind, að taka þátt í starfi Hugins?

*Inga Lind:* Ég byrjaði svona 15 eða 16 ára. Þetta byrjaði þegar Bjarki var að láta mig og Áslaugu vinkonu mína hjálpa til. Okkur fannst þetta rosalega gaman og söguðumst alveg inn í þetta.

## Hver voru ykkar helstu baráttumál á þessum tíma?

*Bjarki:* Eitt sem ég man eftir er að það var nú þannig í þessum bæ að ekki var hægt að vera Garðbæingur alltaf þegar maður vildi. Það er að segja þegar maður vildi flytja úr foreldrahúsum og fá sér sína fyrstu íbúð

eða leigja að þá var sú íbúð ekki til í Garðabæ. Þannig að fólk á aldrinum 20-30 ára bjó ekki einsamalt í Garðabæ. Það bjó þá lengi í foreldrahúsum eða fluttist annað.

*Inga Lind:* Það var ekki nóg af húsnæði fyrir ungt fólk.

*Bjarki:* Þegar ég leitaði mér að leiguíbúð á sínum tíma þá var það eina sem til var Langamýrin, þ.e.a.s fyrir utan auðar kjallaraíbúðir undir stórum einbýlishúsum. Langamýri var eiginlega eina gatan í bænum þar sem íbúðir voru af skikkanlegri stærð. En aðallætin voru í kringum þessi fulltrúaráð. Svo vorum við líka að gefa út blöð sem voru nú misgóð. Við gerðum þessi blöð vegna þess að við fengum aldrei mann í ritnefnd Garða, mál gagns Sjálfstæðismanna í Garðabæ. Okkur fannst við ekki fá áhrif miðað við þann gríðarlega félagafjölda sem að baki okkar var.

## Munið þið eftir einhverjum skemmtilegum atvikum eða heitum mótmælum?

*Inga Lind:* Það voru kannski engin heit baráttumál, þetta snerist oft um það að koma fulltrúum á SUS þing og halda Hrafnþing sem voru skemmtikvöld fyrir ungt fólk. Og svo var alltaf mikið fjör fyrir kosningar.

*Bjarki:* Þessi Hrafnþing voru mjög vinsæl. Við vorum með gömlu félagsaðstöðuna í Lyngási en þar var iðnaðarumhverfi og engir nágrannar. Þarna voru haldin mörg skemmtileg party sem höfðu góð áhrif því að á hverju ári byrjuðu 100 manns í FG sem flestir skráðu sig í félagið hjá okkur. Þeir sem voru í fjölbraut á þessum tíma en voru ekki ungir Sjálfstæðismenn voru bara eitthvað skritnir og áttu þá yfirleitt heima í Kópavogi (segir Bjarki og systkinin hlæja). Svo var einhvern tímann fyrrverandi heimsmeistari í skák staddur hérlendis og við fengum hann til að tefla fjölskák í nafni félagsins. Það var mjög gaman og heldur langsótt!



Bjarki og Inga Lind á góðri stundu

### **Þið voruð bæði í SUS ekki satt?**

*Bjarki:* Jú, ég var einu sinni í stjórn en ég átti vini í röngum armi þannig að ég fékk litlu að ráða. Maður var svolítið að hamast gegn þeim sem voru í meirihluta án þess að nokkur einasti málefnalegur ágreiningur væri til staðar. Ef ég þyrfti að taka þessar ákvarðanir aftur núna þá hefði ég ekki tekið þátt í þessu armakjafæði.

*Inga Lind:* En ég segi það að Bjarki er haldinn miklu meiri baráttuanda en ég. Ég einhvern veginn bara var þarna. Ég hefði alveg viljað breyta og bæta en var mjög þen í þessu. Annar munur á okkur Bjarka er að hann byrjar að taka þátt í starfi Hugins og SUS rúmlega tvítugur, nýkominn heim úr námi en það er einmitt sá tími sem ég er að hætta í þessu. Ég tók meira þátt sem krakki, 15 til 20 ára. Þegar maður byrjar að vinna hjá fjölmiðlunum þarf maður svo að skrúfa sig út úr þessu. Það er óheppilegt að vinna bæði á vettvangi stjórnmalaflokks og í fjölmiðlum.

### **En hvað með þig, Bjarki. Þar sem þú varst bæði í Hugin og SUS, lá það aldrei við að halda áfram að starfa á þessum vettvangi?**

*Bjarki:* Nei, þetta var orðið ágætt. Ég var fyrsti varamaður í bæjarstjórn í eitt tímabil. Það var stærsti sigurinn sem við höfðum unnið þá, fengum fimm af sjö og það voru tveir aðrir listar. Ég var

mjög nálægt því að komast inn sem sjötti maður, það hefði eiginlega bara verið fátíðlegt! Þegar deilur verða í pólitík gerist það oft að annar armurinn fer í ófræingarherferð gegn hinum. Eftir þetta í kringum fulltrúaráðið þá var farið í slíka gegn mér og mjög harða. Hugmyndin mín var að láta gott af mér leiða og eftir þetta hafði ég engan áhuga á að halda áfram í pólitík.

*Inga Lind:* Þó ég hafi hætt þessu brólti þá hef ég enn brennandi áhuga á pólitík og ég held að margir þeir sem fara út í blaðamennsku hafi einmitt mikinn áhuga á stjórnmálum. Margir sem starfa í fjölmiðlum hafa einhvern bakgrunn eða sögu úr pólitík eða ungliðastarfi. Þó að hlutleysi sé mikilvægt í þessu sambandi er ekki nokkur lifandi maður hlutlaus að öllu leyti. Maður reynir hins vegar sitt besta til að gæta hlutleysis og vera ærlegur.

### **Ef þið fengjuð að vera einvaldur í Garðabæ í einn dag hvað mynduð þið gera?**

*Inga Lind:* Ætli ég myndi ekki byrja á að færa rekstur Fjölbautaskólans í Garðabæ yfir á Garðabæ og drífa í að klára viðbygginguna við skólann. Nemendum fjölga ört í FG og það er orðið þröngt um fólkið þar. Ég myndi þá reyndar þurfa að vera algjör einræðis-herra og hafa vald yfir a.m.k. menntamálaráðherra og fjármálaráðherra. Og ef ég hefði

vald yfir samgöngumálum líka þá myndi ég pota bæði Hafnarfjarðarveginum og Reykjanesbrautinni ofan í jörðina svo bærinn yrði ekki lengur klofinn í þrjá hluta eins og hann er núna. Svo myndi ég tryggja að Hjallastefnan yrði í bænum til frambúðar, helst á öllum skólastigum. *Bjarki:* Ég myndi ekki vilja vera einvaldur enda er yfirdrifið meira en nóg að hafa einn einvald í einum bæ. Það væri þá ekki nema til þess að afleggja einveldið.

### **Einhver skilaboð sem þið vilduð koma á framfæri til Garðabæinga að lokum?**

*Inga Lind:* Á maður ekki bara að vera léttur á því og segja fólki að mæta á vellina og styðja Stjórnuna. Ekki bara í fótbolta og handbolta heldur í öllum hinum greinunum líka.

*Bjarki:* Það var alltaf gaman að fara á völinn en mörg okkar sem mynduðu kjarnann í félaginu fórum alltaf á leikina auk þess sem einn okkar, Bjarni Benediktsson, var í liðinu, hörku varnarmaður.

*Inga Lind:* Það er einmitt það sem er orðið svo ánægjulegt hér að núna eru svo margir sem búa hérna í Garðabæ sem hafa líka alist hér upp og eru í grunninn Stjórnumanneskjur en ekki fyrrverandi stuðningsmenn annarra liða.

*Bjarki:* Það er mjög stutt síðan að flestir fullorðnir Garðabæingar með áhuga á íþróttum væru áhangendur félaga utan bæjarins, þaðan sem þeir ólust sjálfir upp. Ef þetta hefur breyst vitnar það um að Garðabær sé orðinn að rótgrónara samfélagi en hann var fyrir ekki svo löngu.



Berglind Bergmann

Ljósmyndir: Fanney Sigurgeirsdóttir

# VIÐTÖL VIÐ FYRRUM FORMENN HUGINS



Ólafur Örn Nielsen

## 1. Hvaða ár varstu formaður Hugins?

Það var hið herrans ár 2007 en þá hafði ég setið í stjórn félagsins frá 2005. Þó ekki sé langt síðan er óhætt að segja að margt hafi breyst.

## 2. Hvað ertu að gera í dag?

Ég starfa hjá Morgunblaðinu og hef verið þar við þróun á mbl.is síðan 2006. Samhliða því hef ég átt sæti í íþrótt- og tólmundar-áði Garðabæjar og tekið virkan þátt í starfi Sjálfstæðisflokksins.

*„Ungt fólk þarf þá að sýna stillingu, horfa rökrétt á hlutina og forðast að láta skammtímahagsmuni ráða för.“*

## 3. Hvaða málefni eiga ungir sjálfstæðismenn að leggja áherslu á í dag?

Aldrei hefur verið mikilvægara að veita kjörnum fulltrúum flokksins aðhald og láta að sér kveða á sviði stjórnmalanna. Stjórnmalamenn og sérfræðingar bera nú á borð hverja töfralausnina á fætur annarri. Ungt fólk þarf þá að sýna stillingu, horfa rökrétt á hlutina og forðast að láta skammtímahags-

muni ráða för. Ég er sannfærður um að þær hugsjónir sem ungir sjálfstæðismenn standa fyrir hafa aldrei átt betur við en einmitt nú. Helstu verkefni næstu missera er að draga úr umsvifum ríkisins, berjast gegn evrópusambandsaðild og standa vörð gegn íþyngjandi regluverki gagnvart einstaklingum jafnt sem fyrirtækjum.

## 4. Hver voru helstu baráttumálin þegar þú varst að starfa með Huginn?

Huginn lét málefni Garðabæjar og sveitarfélaga almennt sig miklu varða á þeim tíma sem ég starfaði með Huginn. Lækkun útsvars, afnám fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði og minnkandi umsvif bæjarins voru okkur ofarlega í huga. Miklar framkvæmdir sem sveitarfélög stóðu fyrir undanfarin ár hafði verulega hækkandi áhrif á fasteignaverð, stuðlaði að þenslu í byggingariðnaði og jók skuldir almennt. Undanfarnir atburðir hafa leitt í ljós að ekki var innistæða fyrir þessum framkvæmdum. Ég er þeirrar skoðunar að betra hefði verið að geyma framkvæmdirnar þangað til nú.

## 5. Er eitthvað eftirminnilegt úr starfinu?

Sambandsþing SUS á Seyðisfirði haustið 2007 er ógleymanlegt þar sem Huginsfólk lét mikið að sér kveða í málefna- og skemmtanastarfi! Góður árangur Sjálfstæðisflokksins í sveitastjórnarkosningum 2006 meðal ungs fólks í Garðabæ var einnig ákaflega ánægjulegur. Huginn hafði þar erindi sem erfiði eftir að hafa rekið öflugt málefna- og kosningastarf.

*„Ég fullyrði að Huginn er stærsta hagsmunafélag ungs fólks í Garðabæ.“*

## 6. Er mikilvægt að félag eins og Huginn sé starfandi í Garðabæ?

Ég fullyrði að Huginn er stærsta hagsmunafélag ungs fólks í Garðabæ. Þar gefst ungum Garðbæingum kostur á að taka þátt í skemmtilegum félagsskap, hafa áhrif á þjóðfélagið og rækta hugsjónir um frelsi einstaklingsins. Svárið er að sjálfögðu já!

## 7. Eitthvað að lokum?

Það er gaman að sjá hversu öflugt starfið er í félaginu enda er það í mjög góðum höndum stjórnar þess. Ég óska félaginu, eldri og núverandi félagsmönnum þess innilega til hamingju með 35 ára afmælið!



*Hafsteinn Þór Hauksson*

### 1. Hvaða ár varstu formaður Hugins?

Ég var formaður Hugins á árunum 1999-2001 og formaður SUS 2003-2005.

### 2. Hvað ertu að gera í dag?

Síðasta vetur stundaði ég framhaldsnám í lögfræði við Oxford háskóla og útskrifaðist þaðan nú í haust. Ég starfa nú sem skrifstofustjóri umboðsmanns Alþingis og sinni kennslu við lagadeild Háskóla Íslands. Svo er ég að takast á við föðurhlutverkið, sem er auðvitað það lang mikilvægasta.

### 3. Hvaða málefni eiga ungir sjálfstæðismenn að leggja áherslu á í dag?

Það liggur í augum uppi að mikilvægasta verkefni ungra sjálfstæðismanna er að finna og útfæra svör við þeim efnahagshremmingum sem þjóðin er að ganga í gegnum. Innan raða ungra sjálfstæðismanna eru þúsundir harðduglegra, vel menntaðra og skapandi einstaklinga sem tilbúnir eru til að láta að sér kveða. Þennan kraft verður að virkja. Sagan sýnir að margar af farsælustu pólitísku ákvörðunum sem teknar hafa verið á Íslandi áttu rót sína að rekja til málefnastarfs SUS. Nú er að duga eða drepast fyrir unga sjálfstæðismenn.

Ég minni þó á að hugsjónin um frelsi einstaklingsins snýst ekki einvörðungu um efnahagsmál. Hún snýst fyrst og fremst um það að fólk fái rými til þess að vera það sjálft og leita hamingjunnar á sínum eigin forsendum. Ég gerði það reyndar að umtalsefni í grein sem birtist fyrir rúmu ári síðan að mér finnst sem menn hafi vanrækt þennan kjarna frjálshyggjunnar. John Stuart Mill og John Locke skrifuðu ekki um skuldabréf og myntkörfulán, heldur um mikilvægi þess að einstaklingurinn tæki ábyrgð á sjálfum sér, flyti ekki bara með straumnum heldur mótaði líf sitt sjálfur. Til hvers er frelsið ef maður nýtir það ekki til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir um líf sitt?

Ég óttast að sú fjármálakreppa sem nú ríður yfir leiði ekki bara til strangari reglna um fjármálamarkaði heldur einnig krafna um forsjárhyggju og frelsisskerðingar á öðrum sviðum samfélagsins. Við því þarf að bregðast.

### 4. Hver voru helstu baráttumálin þegar þú varst að starfa með Hugin?

Félagar í Hugin voru mjög virkir í starfi Sambands ungra sjálfstæðismanna á landsvísu. Ég man eftir skemmtilegu verkefni á vegum SUS sem nefndist „Skuldlaust Ísland“ þar sem ungir sjálfstæðismenn, undir forystu Sigurðar Kára formanns, bentu á leiðir til þess að greiða að fullu skuldir íslenska ríkisins. Mörgum fannst þetta bera vott um mikla bjartsýni og jafnvel ungæðishátt. Stefnumálið rættist nú engu að síður nokkru síðar. Sem betur fer, enda væri staða okkar ennþá erfiðari í dag ef íslenska ríkið hefði verið skuldum vafið þegar fjármálakreppan skall á okkur. Innan Hugins sérstaklega var auðvitað tekið þátt í bæjarmálaumræðunni í Garðabæ. Almennt held ég að sú stefnumörkun sem unnið var eftir undir forystu Ásdísar Höllu

Bragadóttur, sem tók við sem bæjarstjóri árið 2000, hafi verið okkur ungum sjálfstæðismönnum mjög að skapi og í okkar anda. Hún stóð sig mjög vel að mínu mati. Aðhalds var gætt í fjármálum bæjarins, ný glæsileg hverfi voru skipulögð og atvinnu- og skólalíf byggt upp með skynsömum og árangursríkum hætti.

*„Ég fæ ekki betur séð en að Huginn sé í raun eina félagið í bænum sem skapar ungu fólki vettvang til að taka virkan þátt í stjórnmalastarfi.“*

### 5. Er eitthvað eftirminnilegt úr starfinu?

Fyrst og fremst voru félagar í Hugin alveg sérstaklega skemmtilegt og eftirminnilegt fólk sem ég lærði mikið af. Mér er líka minnstæð sú mikla breyting sem varð á starfinu þegar flokksskrifstofan fluttist burt úr Lyngási yfir í miðbæinn en við ungliðarnir studdum mjög kaupin á núverandi húsnæði. Starfið varð öflugra eftir að aðstaðan batnaði og mjög skemmtileg stemning myndaðist.

### 6. Er mikilvægt að félag eins og Huginn sé starfandi í Garðabæ?

Það er nauðsynlegt. Ég fæ ekki betur séð en að Huginn sé í raun eina félagið í bænum sem skapar ungu fólki vettvang til þess að taka virkan þátt í stjórnmalastarfi.

### 7. Eitthvað að lokum?

Ég óska Garðabæingum innilega til hamingju með 35 ára afmæli Hugins og óska félaginu alls hins besta í framtíðinni.



Áslaug Hulda Jónsdóttir

### 1. Hvaða ár varstu formaður Hugins?

Það man ég ekki! Mig minnir að ég hafi verið nýútskrifuð úr FG þegar ég var formaður, 1996. Man að ég byrjaði í stjórninni þegar Bjarni Ben var formaður, 1993. Þetta var einhvern tíman í lok síðustu aldar.

### 2. Hvað ertu að gera í dag?

Ég starfa hjá Hjallastefnunni, stýri nýjum Barnaskóla í Reykjavík og starfa einnig sem aðstoðarmaður framkvæmdastjórans, Margrétar Pálu Ólafsdóttur. Ég hef verið virk í starfi flokksins frá því ég hætti sem formaður Hugins. Ég hef t.d. verið kosningastjóri í sveitarstjórnar- og alþingiskosningum og ég starfaði sem ráðgjafi Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra. Í dag er ég varaformaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ.

„Setningin: „frelsi fylgir ábyrgð“ hefur sennilega aldrei átt jafn vel við og nú.“

### 3. Hvaða málefni eiga ungir sjálfstæðismenn að leggja áherslu á í dag?

Ég held að ungir sjálfstæðismenn þurfi að byggja aftur upp trúna á grunngildunum í stefnu Sjálfstæðisflokksins. Það er ekki lítið verkefni en skiptir hins vegar miklu máli. Einkaframtakið verður að fá áfram hljómgrunn. Við þurfum hins vegar að setja skýrari og betri ramma í kringum allt regluverk. Setningin: „Frelsi fylgir ábyrgð“ hefur sennilega aldrei átt jafnvel við og nú.

„Okkar sjónarmið fengu hljómgrunn og það var hvetjandi.“

### 4. Hver voru helstu baráttumálin þegar þú varst að starfa með Hugin?

Ég hef alltaf haft meiri áhuga á bæjarmálunum og áherslur Hugins í minni stjórnartíð lituðust af því. Þegar ég starfaði með Hugin var alltof lítið framboð af minni íbúðum í Garðabæ sem hentuðu ungu fólki. Við vildum líka fá leiguíbúðir fyrir námsmenn og fengum. Það er ef til vill ekki rétt að tala um baráttu því það var hlustað á okkur. Okkar sjónarmið fengu hljómgrunn og það var hvetjandi. Námsmannaíbúðirnar risu en ég held að við höfum ofmetið þörfina á þeim tíma þar sem það fengust engir Garðabæingar í þessar íbúðir – bara Hafnfirðingar og landsbyggðarfólk. Ég á kannski ekki að vera að segja frá þessu en mér finnst það frekar fyndið. Og ég er heldur ekki að segja að það sé neitt athugavert við Hafnfirðinga og landsbyggðarfólk. Þvert á móti. Það var virkilega hressandi að fá nýtt blóð í bæinn! Í dag er heldur ekki erfitt að fá minni íbúðir í Garðabæ en þannig er það um allt höfuðborgarsvæðið enda er búið að byggja alltof mikið af húsnæði alls staðar á síðustu árum.

### 5. Er eitthvað eftirminnilegt úr starfinu?


Bara gleði. Þetta var ótrúlega gaman. Hópurinn sem ég starfaði með í Hugin var rosalega öflugur og skemmtilegur. Við brölluðum ýmislegt, ég held að bestu sögurnar eigi ekki að setja á prent!

### 6. Er mikilvægt að félag eins og Hugin sé starfandi í Garðabæ?

Ekki spurning. Það skiptir miklu máli að ungt fólk hafi áhrif á umhverfi sitt og láti til sín taka. Pólitíkin er vettvangur til að koma sínum skoðunum á framfæri, hafa áhrif. Það er hins vegar mikil ábyrgð að stýra slíku starfi og við verðum að passa að starfið sé skemmtilegt. Það nennir enginn að vinna í einhverju sem er leiðinlegt ...nema nokkrir einmana leiðindapúkar. Það er hægt að nálgast pólitík frá svo mörgum hliðum og þú þarft ekki hafa neinar sérstakar skoðanir á kvótakerfinu eða rammalöggjöf menntakerfisins til að taka þátt. Það er pólitík í öllu!

### 7. Eitthvað að lokum?

Já, mér finnst þessar spurningar ýkja aldur minn. Líður svolítið eins og ég ætti að hafa tíma til að fara í golf reglulega og að baka fyrir kvenfélagið. Ég er reyndar í kvenfélaginu en mæti aldrei á fundi og mér leiðist fátt meira en golf. Hvað um það. Ég er nú samt enn nógu ung til að mega vera í félagi ungra sjálfstæðismanna og það er meiriháttar. Mér líst vel á ykkur sem stýrið starfinu hér í dag. Þið eruð ekki síður öflug og skemmtileg en fólkíð sem ég starfaði með á síðustu öld. Ég hlakka til að kjósa ykkur í bæjarstjórn og á þing.



*Bjarni Benediktsson*

**1.Hvaða ár varstu formaður Hugins?**

Ég var í stjórninni frá 1991-1993 og endaði sem formaður.

**2.Hvað ertu að gera í dag?**

Í dag er ég alþingismaður, er formaður utanríkismálanefndar Alþingis og á einnig sæti í efna-hags-og skattanefnd þingsins auk þess að vera í þingmannanefnd EFTA, sem meðal annars fjallar um framkvæmd EES samningsins.

*„... eitt mikilvægasta verkefni ungra sjálfstæðis-manna í dag tel ég vera að standa vörð um sjálfstæðisstefnuna.“*

**3.Hvaða málefni eiga ungir sjálfstæðismenn að leggja áherslu á í dag?**

Mér finnst eðlilegt að þeir einbeiti sér að málum sem snerta ungu kynslóðina sérstaklega. Menntamál, húsnæðismál og atvinnumál í víðum skilningi hljóta ávallt að vera til umræðu. Ég verð þó að nefna að eitt mikilvægasta verkefni ungra sjálfstæðismanna í dag tel ég vera að standa vörð um sjálfstæðisstefnuna. Það er

sótt að henni um þessar mundir og því ranglega haldið fram að orsakir þess vanda sem við nú glímum við eigi sér rætur í stefnu flokksins. Miklu heldur eru helstu forsendur þess að við risum fljótt upp aftur þær, að við byggjum á þeim áherslum sem flokkurinn stendur fyrir.

**4.Hver voru helstu baráttumálin þegar þú varst að starfa með Hugin?**

Það voru skattamál, einkavæðing, félagafrelsi og önnur klassísk viðfangsefni.

*„Það skiptir öllu að til staðar sé áhugaverður vettvangur fyrir ungt fólk sem vill kynna sér stefnumál flokkanna...“*

**5.Er eitthvað eftirminnilegt úr starfinu?**

Mér er minnstætt hve góður andi var í starfinu og mikill metnaður. Okkur tókst vel að mínu mati að tvinnna saman pólitískar umræður og almennt félagsstarf þar sem Hrafnþingin voru fyrirferðamest.

**6.Er mikilvægt að félag eins og Huginn sé starfandi í Garðabæ?**

Það skiptir öllu að til staðar sé áhugaverður vettvangur fyrir ungt fólk sem vill kynna sér stefnumál flokkanna, fara dýpra í þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni og ræða um það sem betur má fara í þjóðfélaginu. Loks er Huginn kjörinn vettvangur til að kynnast öðru ungu fólki með svipuð áhugamál, hvort sem er í Garðabæ eða úr öðrum félögum á landinu.

**7.Eitthvað að lokum?**

Það gleður mig að sjá líf og öflugt starf í mínu gamla félagi, gangi ykkur sem allra best.



*Huginn óskar Garðbæingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

*Huginn þakkar jafnframt fyrir þann ómetanlega stuðning sem félagið hefur notið undanfarin 35 ár í sínu starfi.*

*Stjórn Hugins  
2008-2009*

# LEIÐ BARACK OBAMA Í HVÍTA HÚSIÐ

Í janúar á næsta ári mun Barack Obama setjast í stól forseta Bandaríkjanna. Mun hann verða 44. forseti Bandaríkjanna. Er það í fyrsta sinn sem blökkumaður mun gegna þessu valdamesta embætti heims, eins og það er oft kallað. Leið Obama í Hvíta húsið var bæði löng og ströng. Segja má að hún hafi byrjað árið 2004. Þá var Obama lítt þekktur öldungadeildarþingmaður frá Illinois fylki. En ræða Obama á flokkþingi demókrata árið 2004 var öllum sem á hana hlýddu ógleymanleg. Þar kom Obama inn á að Bandaríkin þyrftu nýja stefnu sem væri laus við þá fyrirgreiðslupólítík sem oft tíðkast í Washington. Þessi þrautarganga endaði 4. nóvember síðastliðinn er Obama gersigraði andstæðing sinn John McCain úr repúblíkanaflokknum. Skoðum nánar hvað varð til þess að Obama vann jafn auðveldan sigur og raun bar vitni.

*„Kosningakerfið í Bandaríkjunum er ævafornt og sumir segja það meingallað.“*

Leið Obama byrjaði í löngu og ströngu prófkjöri innan demókrataflokksins þar sem heilir átta frambjóðendur gáfu kost á sér. Nokkuð snemma lá fyrir að baráttan myndi standa á milli Barack Obama og Hillary Clinton. Segja má að prófkjör demókrata hafi verið gríðarlega spennandi og mjótt var á mununum. Að lokum hafði Obama þó betur. Á meðan slagur Obama og Clinton stóð sem hæst, vildu margir stjórnámálaskýrendur meina að slagur þeirra myndi skaða demókrata í komandi kosningum, sökum þess að flokkurinn yrði klofinn. Seinna hefur komið í ljós að þetta er talið hafa hjálpað



Obama, ekki síst til þess að safna pening í kosningasjóð sinn, sem endaði með að vera sá allra stærsti í sögunni. Að sama skapi áttu repúblíkanar erfitt með að kortleggja baráttu sína þar sem allra augu beindust að Obama og Clinton. John McCain, sem sigraði prófkjör repúblíkana nokkuð auðveldlega var lítið í sviðsljósinu. Þetta leiddi til þess, að loksins þegar ljóst var hvaða tveir einstaklingar myndu etja kappi um forsetastólinn stóð Obama uppi með fulla vasa af peningum og með vindinn í seglumum.

Kosningakerfið í Bandaríkjunum er ævafornt og sumir segja það meingallað. Ástæðan fyrir því er að niðurstöðurnar endurspeglar ekki nægilega vel vilja almennings. Ýmsar ástæður eru fyrir þessu. Fyrst ber að nefna að það er ekki almenningur sem kys forsetann beint, heldur eru það kjörmenn sem skiptast niður á fylkin og því fjölmennara sem fylkið er, því fleiri kjörmenn. Önnur ástæða er sú að stuðst er við einmenningsskjördæmakerfi, þar sem sigurvegari hvers fylkis fyrir sig fær alla kjörmennina í fylkinu, þrátt fyrir að vinna aðeins með nokkura atkvæða mun. Gott

dæmi um þetta eru kosningarnar í ár. Obama hlaut 365 kjörmenn á móti 173 kjörmanna McCain. Þetta er býsna mikill munur og einn sá mesti í sögunni en samt hlaut Obama aðeins 52,4% greiddra atkvæða á móti 47,3% atkvæða McCain. Svo eru auðvitað kosningarnar frægu árið 2000, þegar George W. Bush sigraði Al Gore með örfáum kjörmönnum en Gore hlaut engu að síður meirihluta atkvæða. Verður það að teljast mjög stór galli á kosningakerfi að geta staðið uppi sem sigurvegari, þrátt fyrir að hljóta minnihluta atkvæða.

*„Er talið að Obama hafi haft um 600 milljónum bandaríkjadala að spila úr.“*


Vegna þessa vafasama kosningakerfis og slakrar frammistöðu í síðustu forsetakosningum ákváðu Obama og demókrataflokkurinn að breyta algerlega um hernaðaráætlun í þessum ný afstöðnu kosningum. Þessi breyting fól það í sér að heyja baráttu í öllum fylkjum Bandaríkjanna. Ekki einungis þessum fylkjum þar sem þeir voru sterkir fyrir, hinum svokölluðu lykilylkjum, heldur einnig fylkjum þar sem repúblikanar hafa átt sigurinn vísan. Þetta djarfa útspil var hugsmíð Howards Dean, sem starfar nú sem formaður demókrataflokksins á landsvísi og er fyrrverandi ríkistjóri í Vermont. Fyrst þegar hann viðraði þessa hugmynd sína var nánast hlegið að honum en honum tókst loks að sannfæra Obama um ágæti hennar. Obama var, eins og áður segir, með mun stærri kosningasjóð en andstæðingur sinn McCain. Er talið að Obama hafi haft um 600 milljónum bandaríkjadala að spila úr. Hann nýtti því stóran hluta af þessum peningum í auglýsingar í fylkjum þar sem hann fyrirfram átti ekki að eiga mikla möguleika á að sigra.

Skemmst er frá því að segja að þetta virkaði eins vel og hugsast gat því þetta gerði það að verkum að McCain þurfti að eyða stórum hluta úr kosningasjóði sínum í fylki sem hann gerði ekki ráð fyrir að þurfa að verjast í. Fyrir vikið gat hann ekki eytt eins miklum tíma og peningum í að sigra hin svokölluðu lykilylki, en þau eru Ohio, Florida, Virginia, Colorado, Nevada, Missouri, Indiana og North Carolina. Svo er mönnum líka ferskt í minni þegar Obama keypti 30 mínútna langa auglýsingu á besta tíma á fjórum stærstu sjónvarpsstöðvunum. Aldrei hafði slík auglýsing sést áður. Snemma um kosninganóttina var ljóst að Obama hafði sigrað Ohio og Florida og því má segja að úrslitin hafi legið fljótlega fyrir og ljóst í hvað stefndi.

Þegar öllu er á botninn hvolft átti McCain ekki mikla möguleika, sérstaklega ekki þegar leið á kosningabaráttuna. Ýmsir aðrir þættir geta líka hafa vegið þungt í útkomu þessara kosninga og ber þar að nefna yfirstandandi kreppu sem repúblikanaríkistjörn George W. Bush er talin bera mikla ábyrgð á. Einnig er það álit margra að John McCain hafi skotið sig illa í fótinn með því að velja hina umdeildu Sarah Palin sem varaforsetaefni sitt. En nú er bara að bíða og sjá hvort að Barack Obama takist að standa við stóru orðin og koma á raunverulegum breytingum í Washington og Hvíta húsinu.



Jóhann Már Helgason



### *Staðreyndir sem fæstir vita um Obama*

Hann tekur 90 kg. í bekkpressu.

Hann var kallaður Barry þangað til í háskóla.

Hann drekkur ekki kaffi og drekkur sjaldan áfengi.

Sem unglingur prófaði hann eiturfylf eins og marijuana og kókaín.

Hann klæðist Hart Schaffner Marx jakkafötum sem kosta um það bil 200 þúsund krónur.

Honum þykir gaman að spila Scrabble og póker.

Hann hefur lesið allar Harry Potter bækurnar.

Hann var þekktur sem O'Bomber í framhaldsskóla vegna hæfileika hans í körfubolta.

Hann stefnir á að setja upp körfuboltavöll á lóð Hvíta Hússins.

Hann talar spænsku.

Hann er örvhentur.

Hann á boxhanska áritaða af Muhammad Ali.

# RITDEILA UM SKÓLAGJÖLD Í HÁSKÓLUM

## Með skólagjöldum

Hagur einstaklingsins á kostnað heildarinnar

Óumdeilt er að nám er til þess fallið að styrkja atvinnumöguleika þess sem það stundar. Menntun er leið fólks að betri atvinnu og oftast en ekki betri kjörum. Leiðin að “draumastarfinu” er oftast fengin í gegnum skólagöngu á því sviði sem hver og einn sækist eftir að starfa. Nám er eins og oft er sagt „fjárfesting til framtíðar”, en þrátt fyrir augljósan hag nemandans af menntun virðist stór hluti fólks á þeirri skoðun að óeðlilegt sé að nemandinn taki sjálfur að nokkru leyti þátt í kostnaðinum.

Rök fyrir ókeypis menntun sem oftast heyrast eru þau að samfélagslegur ávinningur sé af háu menntastigi þjóðarinnar og því sé rétt að samfélagið deili kostnaði við þá fjárfestingu. Vissulega er það rétt, en hvað er að því að nemandinn sjálfur taki hið minnsta að hluta þátt í kostnaðinum. Hans persónulegi ávinningur er umtalsvert meiri en samfélagsins og námið þjónar hans hagsmunum enn frekar en heildarinnar. Hugsum okkur annað dæmi um samfélagslegan ávinning s.s. sjávarútveginn. Í sjávarútvegi skapast störf, gjaldeyrir og önnur afleidd starfsemi. Það er samfélagslegur ávinningur af starfsemi, en ávinningur sjávarútvegsfyrirtækjanna er mun meiri. Væri eðlilegt að þau fengju sína starfsemi niðurgreidda að fullu í krafti samfélagsávinninga? Nú þegar ver hið opinbera gríðarlegum fjármunum til menntamála. Þetta fé kemur ekki af hinnum ofan, heldur kemur það rակleitt úr vasa skattgreiðenda. Hvers eiga hinar ófaglærðu stéttir að gjalda? Fólki í þeim stéttum er bæði með lægri laun að jafnaði og tekur auk þess

*„Þetta fé kemur ekki af hinnum ofan, heldur kemur það rակleitt úr vasa skattgreiðenda.“*

þátt í að greiða niður nám þeirra sem munu að öllum líkindum hafa það betra í framtíðinni. Höfum hugfast að ófaglærð störf eru grundvallarstörf sem eru ekki síður mikilvæg en faglærð. Ef enginn sækir ruslið, flakar fiskinn eða sinnir öldruðum þá verður samfélagið fyrir augljósu tjóni og í raun óstarfhæft.

Ef við gefum okkur að námsmenn beri kostnað af námi sínu, og fjármagni þannig eigin frama og framtíðartekjur er þó nauðsynlegt að aðgengi að lánsfé vegna náms sé gott til þess að tryggja jöfn tækifæri allra til náms. Bankar og aðrar lánastofnanir verða að lána fyrir skólagjöldum, bókum og uppihaldi til þess að allir, bæði þeir sem koma af efnuðum og efnaminni heimilum hafi tækifæri til þess að mennta sig. Með því væri tryggt að allir stæðu jafnfætis í samfélaginu og hefði jöfn tækifæri til náms, án þess að það þurfi að seilast í vasa skattgreiðenda til þess að fjármagna það. Hvað varðar bankana er augljóst að það er hagur þeirra að lána námsmönnum. Námsmenn verða frekar efnafólk og eru því eftirsóttir viðskiptavinir.

Engum er vorkunn að greiða fyrir sína eigin hagsæld. Þátttaka í kostnaði við nám virkar auk þess hvetjandi á ástundun og metnað einstaklingsins. Fólki er síður til í að „prófa” sig áfram þegar það greiðir sjálft fyrir námið. Þannig verður menntakerfið skilvísara og hagkvæmara. Fyrir utan áhrifin á einstaklinginn myndu skólagjöld gefa Háskóla Íslands tækifæri til

að eflast og styrkjast í samræmi við eftirspurn og aðsókn nemenda. Fjársvelti myndi heyra sögunni til, þar sem gjöld myndu miðast við þörf. Ef raunin yrði sú að enginn væri tilbúinn til þess að leggja í kostnað við að mennta sig, væri staðfest að enginn sæi hag sínum betur borgið með náminu. Nú þegar er ljóst að eftirspurn er síst minni þegar skólagjöld eru fyrir hendi og því þarf Háskóli Íslands ekkert að óttast varðandi skólagjöld. Þvert á móti er viðbúið að skólagjöld og eðlilegt rekstrarumhverfi myndi leysa hann úr læðingi.

*„Ég hef alltaf verið fylgjandi þeirri hugmyndafræði að gera ekki góðverk sín á kostnað annarra.“*

Gleymum því ekki heldur að ekkert er ókeypis. Hvort sem nemandinn greiðir hófleg skólagjöld rétt á meðan hann stundar námið, eða háa skatta að eilífu, þá þarf alltaf að borga brúsann. Ég hef alltaf verið fylgjandi þeirri hugmyndafræði að gera ekki góðverk sín á kostnað annarra. Það virðist vissulega vera falleg hugsun að bjóða upp á nám öllum að kostnaðarlausu. En þegar litið er til þess óréttlætis sem felst í því að láta hina mörgu greiða frama hinna fáu í formi skattheimtu fer myndin að fölna.

Lærum að greiða sjálf fyrir þá þjónustu sem við nýtum og taka ábyrgð á eigin framtíð.



Erlingur Þór Tryggvason  
Varabæjarfulltrúi í Garðabæ



## Á móti skólagjöldum

Ég hef rætt mikið skólagjöld í gegnum tíðina við marga pólitíska og ópólitíska aðila. Margir hafa áhuga á þessum málum því þau snerta pólitíska hugmyndafræði.

Ungir jafnaðarmenn (UJ), ungliðahreyfing Samfylkingarinnar, hafa ítrekað ályktað á landsþingum sínum um að ekki eigi að taka upp skólagjöld. UJ eru þar sammála öllum öðrum ungliðahreyfingum landsins nema ungum sjálfstæðismönnum sem hafa margoft viðrað skoðanir sínar um að taka eigi upp skólagjöld. Jafnframt hefur landsfundur Sjálfstæðisflokksins ályktað um að nemendur eigi í auknum mæli að taka þátt í að fjármagna nám sitt. Það eru í raun skólagjöld í dulbúningi. Í stjórnarsáttmála Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins er ekkert sagt um upptöku skólagjalda og því mætti halda að lítil þörf væri á að ræða þetta mál.

En málið er ekki svo einfalt. Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með völdin í menntamálaráðuneytinu um langa hríð. Á sama tíma hefur háskólanemum fjölgað mikið. Það er af hinu góða en aukningin hefur verið mest í einkareknum

*„Ég trúí ekki að, þó að ég trúí ýmsu upp á Sjálfstæðisflokkinn, að þetta hörmulega kerfi hugnist flokknum.“*

„skólagjaldaskólum“. Ríkið veitir námslán fyrir þessum skólagjöldum og eru þau niðurgreidd. Um 50% af láninu skilar sér til baka í ríkiskassann. Þrátt fyrir það borgar ríkið jafn mikið með hverjum nemenda, sama hvort hann velur að fara í skólagjaldaskóla eða ekki. Þannig er fjármögnun háskólastigsins á Íslandi nú háttáð að nemendum er mismunað. Mismunað á þann hátt að þeir sem velja að borga skólagjöld fá meira greitt frá ríkinu en meðalnemandinn sem vill forðast fjárhagslegar skuldbindingar þegar hann er að finna sér stað í lífinu.

Þetta fyrirkomulag þekkist hvergi í hinum vestræna heimi!

Ég trúí ekki að, þó að ég trúí ýmsu upp á Sjálfstæðisflokkinn, að þetta hörmulega kerfi hugnist flokknum. Með þessu hörmulega fyrirkomulagi er verið að reyna að þröngva skólagjöldum upp á alla háskóla landsins – oft kölluð

bakdyraleiðin. Skólagjaldasinnar vita að alvöru umræða um málefnið þolir illa dagsljósið og þess vegna er þessi leið farin. Þegar HR var stofnaður var réttlætingin fyrir þessari mismunun sú að einkareknu skólarnir þyrftu ákveðið fjárhagslegt forskot til að geta orðið samkeppnishæfir. Í dag eru þeir blessunarlega orðnir samkeppnishæfir. Skólagjöldin sem þeir innheimta hækka stöðugt, ríkið lánar fyrir þeim án þess að spyrja nokkurra spurninga og mismununin eykst.

Fjárframlög ríkisins sem ætluð eru til kennslu fyrir hvern nemenda eru of lág. Þess vegna er auðvelt fyrir skólagjaldaskólana að gera betur í kennslu en hinir fjársveltu opinberu háskólar sem innheimta ekki skólagjöld. Þeir eru ríkisstyrkt-ari! Íslendingar eru meðvitaðir um gildi góðrar menntunar og þess vegna er ásókn í þessa skóla mikil. Svo virðist sem Sjálfstæðisflokkurinn sé ekki á sömu blaðsíðu.

Af hverju engin skólagjöld? Vegna þess að við viljum veita öllum jöfn tækifæri í lífinu. Það er undirstaða þess samfélags sem Íslendingar hafa byggt upp. Öllum hefur verið veitt jafnt aðgengi að

menntun og heilbrigðisþjónustu. Það er alltaf óásættanlegt að fjárhagur stýri því hvort fólk fái tækifæri til að stunda háskólanám. Þjóðin verður ríkari, af mannauði og peningum, ef við gefum fólki tækifæri til þess að fóta sig í háskólanámi við hæfi. Samhliða er mikilvægt að bjóða upp á fjölbreytt námsframboð. Þannig tryggjum við að sem flestir sérhæfi sig, og það sem meira er sérhæfi sig í því sem þeir eru góðir í, þeim og þjóðfélaginu til heilla.

*„Við viljum búa í samfélagi sem hvetur fólk til að sækja sér fjölbreytta menntun og hlúir að einstaklingum sem eru að finna sína leið í lífinu.“*

Nauðsynlegt er að fjárhagsástæður séu ekki ráðandi þáttur þegar fólk velur sér leið í lífinu. Við viljum búa í samfélagi sem hvetur fólk til sækja sér fjölbreytta menntun og hlúir að einstaklingum sem eru að finna sína leið í lífinu. Við viljum ekki búa í samfélagi skólagjalda sem refsar einstaklingum fyrir hvert hliðarspor. Ef þessum markmiðum er ekki náð skapast stéttaskipting í þjóðfélaginu sem gæti vaxið hratt með ófyrirséðum afleiðingum. Við viljum skapa fólki jöfn tækifæri til að mennta sig sama hver bakgrunnur þeirra er.

En er ekki hægt að ná þessum markmiðum með því að innheimta skólagjöld?

Reynt er að fara þá leið í Bretlandi. Breska leiðin er í grunninn á þann veg að sá sem fer í háskóla þarf að borga hluta af kostnaði við skólagöngu sína til baka með því að greiða hærrí skatta en þeir sem fara ekki í háskóla. Sá hinn sami þarf þó ekki að standa straum af þessari skattahækkun nema af tekjum

sem eru yfir tilgreindum mörkum, hærrí en lágmarkslaun. Þetta er ekki ósvipað námslánakerfinu sem við búum við hér heima. Þessi kerfi eru þeim kostum búin að þau ná í meira fjármagn inn í háskólastigið án þess þó að skattleggja meira þá sem minnst hafa á milli handanna.

Eru þessi kerfi ekki bara einhver útfærsla á hátekjuskatti þar sem þeir sem eru með háar tekjur og fóru ekki í háskóla eru undanskyldir því að borga hann? Jú og ekki viljum við hátekjuskatt. Ef við vildum hann þá ætti hann að leggjast á alla. Þetta fyrirkomulag er líka þeim ókostum búin að þyngri skatt- eða endurgreiðslubyrði leggst á námsmenn þegar þeir þurfa síst á því að halda. Þegar þeir eru nýútskrifaðir, að koma sér upp heimili og huga að sínum starfsframa. Við þekkjum umræðuna í dag um hvað er erfitt er að eignast sína fyrstu íbúð. Loksins þegar námsmenn eru búnir að koma undir sig fótunum og hafa betri tók á að leggja meira til samfélagsins þá lækkar skatt- eða endurgreiðslubyrði þeirra vegna þess að þeir hafa lokið við að greiða fyrir skólagöngu sína.

Umrædd kerfi hafa enn fleiri annmarka. Vegna aukinnar skattbyrðar (skólagjalda) sem kerfið felur í sér minnkar hvatinn fyrir fólk að sækja sér háskólamenntun því menntunin skilar ekki alltaf tekjum til að mæta þessum kostnaðarauka. Hætta er á að þeir sem þó velji að fara í háskóla velji sér frekar nám eftir því hvaða tekjum námið er líklegt til að skila. Þetta eru aðstæður sem við viljum forðast í lengstu lög. Á Íslandi hafa þær stórfurðulegu hugmyndir heyrst að taka ætti upp skólagjöld á framhaldsnám, það er meistara- og doktorsnám. Þær hugmyndir falla á sömu rökum. Við viljum hvetja hæft fólk til aukinnar menntunar og allra síst fæla það

*„Ríkið má ekki mismuna nemendum eftir því í hvaða skóla þeir fara.“*

frá framhaldsnámi. Hægt er að ná þessum sömu markmiðum um aukið fjármagn til háskólastigsins með þeim vopnum sem við höfum í dag - í gegnum skattkerfið. Með því að hækka tekjuskattsprósentuna og tryggja að skattleysismörkin séu það há að allir geti lifað góðu lífi. Þannig getum við tryggt meira fjármagn til háskólanna án þess að þeir sem hafa minnst á milli handanna þurfi að borga fyrir háskólanám annarra. Þeir tekjuhærrí, hvort sem þeir eru háskólagengnir eða ekki, mundu þannig tryggja að nægt fjármagn sé til þess að skapa þekkingarþjóðfélag í fremstu röð án þess að þurfa að lifa við ókosti skólagjalda.

Ríkið má ekki mismuna nemendum eftir því í hvaða skóla þeir fara. Það verður að styðja vel við bakið á háskólum landsins til þess að hér sé boðið upp á fyrsta flokks menntun. Fjárhagur fólks má ekki ráða för þegar það ákveður hvort það ætli að fara í háskólanám né í hvaða nám það fer. Þess vegna er mikilvægt að koma Sjálfstæðisflokknum úr menntamálaráðaneytinu!



Ásgeir Runólfsson  
Ungur jafnaðarmaður

# UM ESB MÝTUNA

Á tímum sem þessum, þar sem þrengingar í efnahagslífinu ríða yfir, lætur almenningur óttann við ástandið oft hlaupa með sig í gönur. Menn krefjast þess að stjórnvöld grípi til aðgerða í barnslegri von um að málunum verði reddað. Ein af þeim aðgerðum sem 60% Íslendinga telja að geti nú skyndilega bjargað þjóðarbúinu í einum hveli er innganga Íslands í Evrópusambandið og í framhaldinu upptaka Evrunnar. Á þetta má líta.

*„...það verður aldrei nein skyndilausn fyrir Íslendinga að ganga í Evrópusambandið.“*

Í fyrsta lagi verður fólk að átta sig á því að það verður aldrei nein skyndilausn fyrir Íslendinga að ganga í Evrópusambandið. Aðildarumsóknarferlið tæki nokkur ár enda hefur Oli Rehn, yfirmaður stækkunarmála hjá ESB, látið út úr að Ísland gæti mögulega fengið inngöngu í sambandið árið 2012 hið fyrsta. Enn fremur þurfa þjóðir að hafa verið í sambandinu a.m.k. tvö ár áður en hægt er að fá inngöngu í Myntbandalag Evrópu og geta þar með ekki fyrr tekið upp gjaldmiðil sambandsins, evruna. Þar að auki þurfa þjóðir innan ESB að uppfylla Maastricht sáttmálann, sem segir að þjóðargjaldmiðillinn skuli vera stöðugur, til að möguleiki sé á upptöku evru. Fáir sjá fram hjá því að íslenska krónan gæti vart verið fjær því að uppfylla Maastricht sáttmálann um þessar mundir en ef, og þá þegar, svo verður þá yrði augljóslega óþarfi að taka upp nýjan gjaldmiðil. Það er því ekkert annað en lýðskrum þegar Ingbjörg Sólrún Gísladóttir segir að skuldarar losni við

verðtryggingu af lánum um leið og Ísland gengur í ESB – hún ætti að vita að það hefur engin áhrif.

Í öðru lagi virðist umræðan í þjóðfélaginu hafi útilokað aðra kosti en þann að taka upp evruna til að leysa úr gjaldmiðilsvandræðum Íslands. T.d. hlógu Samfylkingarmenn að því þegar Geir H. Haarde sagði það raunhæfari og betri kost fyrir Íslendinga að taka upp Bandaríkjadal heldur en að taka upp evru. Slík ummæli voru víst ekki boðleg af hálfu forsætisráðherra Íslands. Hið rétta er að Bandaríkjamenn hafa leyft tíu öðrum löndum að taka upp gjaldmiðil sinn með góðum árangri og þar að auki eru 22 aðrir gjaldmiðlar tengdir við gengi Bandaríkjadals. Sú hugmynd að taka upp gjaldmiðill Bandaríkjamanna er hins vegar bara ein hugmynd af mörgum. Það mætti t.d. skoða það að taka upp enn sterkari gjaldmiðla, t.d. svissneska frankann eða japanska jenið. Þessar hugmyndir eiga allar það sameiginlegt að vera mun raunhæfari lausnir á gjaldmiðilsvanda Íslendinga heldur en upptaka evrunnar.

*„...einungis 6% af lögum og reglugerðum Evrópusambandsins má finna í íslenskum lögum.“*

Í þriðja lagi væri það einstaklega óhagkvæmt fyrir Ísland að stökkva í faðm Evrópusambandsins nú skyndilega. Ekki bara vegna þess að við myndum sjá fram á að missa yferráð yfir fiskimiðunum okkar heldur yrðum við Íslendingar þínulítil og valdalaus hluti af risastóru bákni sem er ekki hægt að komast út úr aftur. Kostnaðurinn við að ganga í

Evrópusambandið er gríðarlegur en helmingurinn af útgjöldum Evrópusambandsins fer í það að niðurgreiða landbúnað. Einnig má benda á að fyrir stuttu kom fram að einungis 6% af lögum og reglugerðum Evrópusambandsins má finna í íslenskum lögum.

Það er skiljanlegt að Íslendingar séu reiðir vegna ástandsins sem nú hrjáir landann en það versta sem getur gerst er að láta skapið hlaupa með sig í gönur. Það hlýtur að blasa við öllum sem kynna sér kosti og galla þess að Ísland mundi sækja um aðild að Evrópusambandinu að okkur er betur borgið utan þess. Einnig liggur það ljóst fyrir að það eru margir kostir í boði í gjaldmiðilsmálum á Íslandi enda gengur það ekki upp til lengdar að pappírssniðið með myndinni af Ragnheiði Jónsdóttur verði verðminna með hverjum deginum sem líður. Ný lög ríkisstjórnarinnar um takmörkun á gjaldeyrisviðskiptum eru hins vegar versta mögulega leiðin til að taka á vandanum enda munu þau að öllum líkindum hafa hryðjuverkandi áhrif á íslenskt viðskiptalíf á næstu árum. Kreppan er vissulega ógnvekjandi en hræðslan má aldrei verða forsenda fyrir óæskilegum aðgerðum.



Ari Guðjónsson



HUGINN 1973-2008